



Fundur foreldraráðs og leikskólastjóra var haldinn 7.nóvember síðastliðinn. Foreldraráð lýsi yfir ánægju með matsalinn og samþykkir að halda því fyrirkomulagi áfram. Foreldraráð samþykkti að stofnaðar yrðu facebooksíður í nafni deilda þar sem foreldrar geta fengið fréttir af starfinu jafnóðum. Vegna umræðu um lýsisgjöf í leikskólanum telur foreldraráðið mikilvægt að halda áfram að bjóða upp á lýsi með morgunmat. Á eldri deildum er lýsið í boði á borðinu sem þau skammta sér og fá þau aðstoð við að taka það inn en á yngri deildum er börnum gefið lýsi við borðin.

Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefninu námsmat á mörkum skólastiga ásamt leik,- grunn- og framhaldsskólum í Árborg. Við höfum verið að fræðast meira um námsmat í leikskóla og munum nú vinna í teyrum til að efla námsmatið okkar, gera það skilvirkara og sýnilegra. Fyrsta verkefnið er að skerpa á námsmati í gegnum könnunaraðferðina. Foreldraráð hefur fengið kynningu á verkefninu og telur gott og gagnlegt að tengja skólastigin meira saman og að kryfja betur námsmat skólastiganna.

Ákvörðun hefur verið tekin um að skipulagt starf hefjist klukkan 9 á morgnana í staðinn fyrir 10 og mun breytingin taka gildi um mánaðarmótin. Þessi breyting verður gerð til prufu og mun hún verða endurmetin eftir 2-3 mánuði.

Jólaball leikskólans mun að þessu sinni ekki vera með foreldrum vegna plássleysis. Eingöngu börn og starfsfólk mun því taka snúning kringum tréð í salnum okkar þann 15.desember.

Tíu ára afmæli leikskólans þann 14.nóvember tókst með eindæmum vel og viljum við þakka foreldrum og fjölskyldum kærlega fyrir komuna í afmælistakaffið. Foreldrafélagið gaf okkur spil og tvær fötur af smellukubbum og þökkum við kærlega fyrir. Frábær dagur í alla staði, enn og aftur kærar þakkir.

Vinsamlegast virðið vistunartíma barnsins.

Leikskólinn er opinn frá 7:45-16:30 og vinnutímar starfsfólks ráðast af vistunartímum barna.

Desember:

6.des.- Kirkjuferð,
tveir elstu árgangar.

7.des.- Jólaglugginn/
Rauður dagur

15.des.-Jólaball

20.des.- Jóláhúfudagur

Til minnis:

-Þegar börn eru sótt,
verið fullviss um að
starfsmaður viti að
verið er að sækja þau.

-Læsið ávallt milli-
hurðum í anddyrum
skólans og hleypið ekki
út fylgdarlausum
börnum.